

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2021

Áframhaldandi uppbygging og þjónustan varin

Tillaga að fjárhagsáætlun 2021 var lögð fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar í dag miðvikudaginn 25. nóvember. Áætlaður rekstrarhalli A og B hluta sveitarfélagsins nemur 1.221 milljón króna á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 5,5% af heildartekjum eða 1,7 milljarðar króna.

Eins og önnur sveitarfélög hefur Hafnarfjarðarbær þurft að bregðast við efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum Covid-19 heimsfaraldursins, sem dregið hefur úr útsvarstekjum og samhliða aukið félagsleg útgjöld. Lögð hefur verið áhersla á að lágmarka áhrif faraldursins á íbúa Hafnarfjarðar og koma í veg fyrir að efnahagsfallið leggi klafa á bæjarfélagið til frambúðar. Það hefur verið gert með samræmdum aðgerðum sem falið hafa í sér markvissa hagræðingu, hóflegar lántökur og eignasölu.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta neikvæð um 1.221 milljón króna.
- Skuldaviðmið 114% í árslok 2021.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 1,7 milljarðar króna eða tæp 5,5% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,48%.
- Heildarálagning fasteignagjalda lækkar með lægri fasteignasköttum og vatns- og fráveitugjöldum til að koma til móts við hækkun fasteignamats.
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2021 haldist óbreytt eða hækki í takt við vísitölu.
- Áætlun gerir ráð fyrir lóðarsölu að andvirði 500 milljónir króna.
- Áætlaðar fjárfestingar nema samtals 4,3 milljörðum króna.
- Kaup á félagslegum íbúðum nema 500 milljónum króna.

„Þótt heimsfaraldur setji tímabundið mark sitt á afkomu bæjarsjóðs þá eru undirstöðurnar traustar og sóknarhugur í Hafnfirðingum. Mestu skiptir að verja þjónustuna og hag íbúa og að tryggja að bærinn snúi vörn í sókn eins skjótt og verða má,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar. „Sala á hlut í HS Veitum hjálpar okkur mjög mikið í viðspyrnunni og kemur í veg fyrir að lagðir séu skuldaklavar á bæjarfélagið. Við munum halda áfram að byggja upp í Hafnfirði og er áformað að fjárfesta fyrir rúma fjóra milljarða króna á næsta ári, sem er aukning um meira en milljarð á milli ára. Við tökum vongóð á móti árinu 2021 og horfum björtum augum til framtíðar.“

Helstu framkvæmdir árið 2021

Fjárheimild til framkvæmda árið 2021 er samtals 4.283 milljónir króna. Áfram verður unnið að uppbyggingu Suðurhafnar auk þess sem lögð verður áhersla á frágang gönguleiða o.fl. við Norðurbakka. Töluverðar framkvæmdir verða í gatnagerð, m.a. við Ásvallabraut og Hamranes, auk þess sem farið verður í endurnýjun gatnalýsingar víða í bænum. Stefnt er að umtalsverðum fjárfestingum í félagslegu húsnæði. Undirbúningur og uppbygging íþróttamannvirkja mun halda áfram og felast meðal annars í endurnýjun grasvalla og annarrar aðstöðu, auk endurgerðar Suðurbæjarlaugar. Kraftur verður settur í endurnýjun St. Jósefsspítala og gamla Sólvangs. Þá verður lögð áhersla á uppbyggingu í fráveitumálum og viðhald vatnsveitu.

Lánsfjárförf 2021 haldið í lágmarki

Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun 2021 geri ráð fyrir umtalsverðu tapi er lánsþörf á árinu í lágmarki, þar sem að söluandvirði hluta í HS Veitum verður greitt á fyrstu mánuðum ársins. Gert er ráð fyrir 1.750 milljónum króna í lántökur en afborganir lána nema alls 2.030 milljónum króna, eða tæplega 300 milljónum króna umfram lántökur. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 114% í árslok 2021 en til samanburðar var hlutfallið 112% í árslok 2019 áður en heimsfaraldurinn skall á.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar var lögð fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í dag 25. nóvember 2020. Fjárhagsáætlun nær til næsta árs auk þriggja ára áætlunar fyrir árin 2022-2024. Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn verði miðvikudaginn 16. desember.